

Héraðsdóms Vestfjarða 20. apríl 2016 í máli nr. S-87/2015:

Lögreglustjórinn á Vestfjörðum

(Bryndís Ósk Jónsdóttir fulltrúi)

gegn

A og

(Finnur Magnússon hdl.)

B

(Finnur Magnússon hdl.)

I

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð 6. apríl sl., höfðaði lögreglustjórinn á Vestfjörðum með ákæru 2. desember 2015 á hendur ákærðu; „A, kt. [...], [...], [...], og B, kt. [...], [...], [...] (*fyrirsvarsmaður [...], kt. [...]*) fyrir fiskveiðilagabrot, með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 31. október 2015, ákærði A sem skipstjóri á fiskiskipinu [...], sknr. [...], og B sem útgerðaraðili skipsins, stundað togveiðar með 135 mm poka í botnvörpu innan svæðis þar sem einungis er heimilt að nota smáfiskaskilju eða 155 mm poka í botnvörpu, en veiðarfærum var kastað á stað 67°05,259N – 023°45,518V.

Telst ofangreind háttsemi ákærðu varða við 1., sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 749/2006, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 534/2013, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Vestfjarðamiðum nema notuð sé smáfiskaskilja eða 155 mm poki í botnvörpu, sbr. 9. gr., sbr. 1. mgr. 15. gr., 16. gr. og 17. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og 18. gr. sömu laga vegna Ís[]félags Vestmannaeyja hf.

Er þess krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Er þess jafnframt krafist að ákærða B verði gert skv. 2. og 3. mgr. 16. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að sæta upptöku á fjárhæð sem svarar til andvirðis þeirra veiða[r]færa skipsins sem notuð voru við hinar ólögmetu veiðar og þess afla sem fékkst með ólögmetum hætti, samkvæmt mati dómkvaddra kunnáttumanna, en það var trollpoki með um 135 mm möskvastærð, 2077 kg af þorski og 91 kg af ufsa.“

Við upphaf aðalmeðferðar var af hálfu ákærvalds lögð fram svohljóðandi framhaldsákæra, dagsett 5. apríl 2016:

„Að breyta verður ákæru lögreglustjórans á Vestfjörðum útgefinni 2. desember 2015 á hendur A, kt. [...], [...], [...], og B, kt. [...], [...], [...], (*fyrirsvarsmaður [...], kt. [...]*), með eftirgreindum hætti:

Að í stað upptökukröfu á hendur B á grundvelli „2. og 3. mgr.“ 16. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, verði upptökukrafa á grundvelli „1. og 2. mgr. 16. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.“

Af hálfu ákærðu er þess aðallega krafist að þeir verði sýknaðir en til vara að þeir verði dæmdir til vægustu refsingar er lög leyfa og af hálfu ákærða B er þess krafist að kröfu um upptöku andvirðis afla og veiðarfæra verði hafnað. Þá er þess krafist að sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. kostnaður vegna matsgerða.

II

Mál þetta barst lögreglu með kæru Landhelgisgæslunnar dagsettri 3. nóvember 2015. Þar kom fram að togarinn [...] hafi laugardaginn 31. október 2015 verið staðinn að meintum ólöglegum togveiðum á Vestfjarðamiðum. Hafi hann verið að veiðum með botnvörpu innan reglugerðarhólfs, sbr. reglugerð nr. 749/2006 um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Vestfjarðamiðum nema notuð sé smáfiskaskilja eða 155 mm poki í botnvörpu, ásamt síðari breytingum, og hafi 135 mm poki verið í botnvörpunni. Eftirlitsmenn Landhelgisgæslunnar frá varðskipinu Þór hafi farið um borð og hafi skipverjar þá verið að ljúka við að hífa inn veiðarfærin og togarinn kominn út úr reglugerðarhólfinu. Skipstjóri tilkynnti eftirlitsmönnum að í síðasta togi hefði 135 mm poki verið í notkun. Þegar siglingaferill togarans var skoðaður í siglingatölvu hans kom í ljós að ekki hafði verið kveikt á ferilvöktun í síðasta togi. Samkvæmt siglingaferli togarans í fjareftirliti varðskipisins Þórs og í stjórnstöð Landhelgisgæslunnar kom í ljós að þegar trollinu var kastað klukkan 03.48 var hann staðsettur 67°05,259N – 023°45,518V, 1,3 sjómíli inni í reglugerðarhólfinu. Samkvæmt skráningunni virðist skipið fyrst hafa togað út úr hólfinu til norðurs og síðan inn í það aftur. Stærðarmæling á möskva leiddi í ljós að meðaltal möskva var 134,7 mm. Við stærðarmælingu á þorski í veiðarfærum reyndust fjórir þorskar af 60 vera undir 55 sm eða 6,7%. Var afla sem veiddur var með ólögum hætti, sem síðar kom í ljós að var samtals 2.168 kg, haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins og meint ólögleg veiðarfæri innsiglið.

Eftir að málið hafði verið höfðað með ákæru voru dómkvaddir matsmenn til að meta andvirði veiðarfæra skipsins og ólögum afla, vegna upptökukröfu, og voru matsgerðir þeirra lagðar fram. Annars vegar er um að ræða matsgerð [...], dagsetta 12. febrúar 2016, vegna afla. Þar kemur fram að hann taldi að söluverðmæti aflans hafi verið 740.110 krónur, en frá því dragist kostnaður að fjárhæð 50.757 krónur, og hins vegar [...], ódagsetta, vegna trollpoka sem hann mat á 200.000 krónur.

III

Ákærðu neita sök. Ákærði A og [...], fyrirsvarsmaður ákærða B, lýstu því við aðalmeðferð málsins að verknaðarlýsing væri rétt í ákæru. Þeir byggja vörn sína á því að búið hafi verið að fella úr gildi reglugerð þá sem bannaði veiðarnar og því beri, með vísan til 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, að sýkna þá.

Í ákæru er háttsemi ákærðu talin varða við 1., sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 749/2006, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 534/2013 um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Vestfjarðamiðum nema notuð sé smáfiskaskilja eða 155 mm poki með botnvörpu, sbr. 9. gr., sbr. 1. mgr. 15. gr., 16. og 17. gr. laga nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og einnig 18. gr. sömu laga hvað varðar ákærða B. Með reglugerð nr. 1034/2015, dagsettri 17. nóvember 2015, um brottfall reglugerðar nr. 749/2006 um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Vestfjarðamiðum nema notuð sé smáfiskaskilja eða 155 mm poki í botnvörpu var reglugerð nr. 749/2006 felld úr gildi. Samkvæmt framlögðum gögnum var reglugerð nr. 1034/2015 birt 18. nóvember 2015 og tók því gildi á miðnætti aðfaranótt 19. nóvember 2015, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 15/2005 um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað. Reglugerðin var sett með stoð í lögum nr. 79/1997.

Með reglugerð nr. 719/2001 um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Vestfjarðamiðum án smáfiskaskilju, voru veiðar án smáfiskaskilju bannaðar á því svæði þar sem [...] kastaði. Þeirri reglugerð var breytt með reglugerð nr. 862/2004 og bannsvæðið minnkað og eftir stóð m.a. það svæði sem hér er til umfjöllunar. Þá var reglugerð nr. 719/2001 felld úr gildi með reglugerð nr. 749/2006 og voru þá veiðar á svæðinu heimilaðar með fiskibotnvörpu væri varpan búin smáfiskaskilju eða 155 mm poka í samræmi við reglugerð nr. 724/2006 um gerð og útbúnað smáfiskaskilju og notkun á 155 mm poka í botnvörpu. Reglugerð nr. 749/2006 var svo breytt með reglugerð nr. 534/2013 á þann veg að það svæði sem takmörkunin tók til var minnkað en eftir stóð það svæði sem hér er fjallað um. Samkvæmt framlögðu bréfi Hafrannsóknastofnunar, dagsettu 30. maí 2013, fór fram könnun á skiljuhólfinu dagana 25.-26. maí 2013 en ekki tókst að ljúka henni vegna afleits veðurs. Niðurstaðan á því svæði sem tókst að kanna var sú að 8% þorsks væri undir viðmiðunarmörkum sem voru 55 sm. Var það því mat stofnunarinnar að opna mætti fyrir veiðar án smáfiskaskilju innan þess svæðis sem könnunin náði til. Ókannaði hluti svæðisins yrði áfram lokaður en yrði kannaður með sambærilegum hætti áður en tekin yrði afstaða til breytinga hvað það svæði varðaði. Í kjölfar þess var reglugerð nr. 534/2013 sett. Ákvörðun um að fella reglugerð nr. 749/2006 úr gildi var einnig gerð að undangenginni rannsókn Hafrannsóknastofnunar. Í bréfi stofnunarinnar, dagsettu 12. nóvember 2005, til atvinnuvega- og

nýsköpunarráðuneytis kemur fram að könnun hafi verið gerð dagana 8.-10. nóvember 2015 á því svæði sem eftir stóð eftir könnunina í maí 2013 og ákærðu eru ákærðir fyrir að hafa stundað veiðar á. Niðurstöður þeirrar könnunar sýndu að hlutfall þorsks undir 55 sm að lengd var að meðaltali 7,2% en viðmiðunarmörk til lokunar svæða séu að 25% séu undir 55 sm á lengd. Í ljósi þessa lagði stofnunin til, að höfðu samráði við Fiskistofu, að reglugerðin yrði felld úr gildi og var það gert með reglugerð nr. 1034/2015.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. almennra hegningarlaga skal, hafi refsilöggjöf breyst frá því að verknaður var framinn til þess er dómur gengur, dæma eftir nýrri lögum, bæði um refsinaemi verknaðar og refsingu. Þá segir síðar í ákvæðinu að hafi refsiakvæði laga fallið úr gildi af ástæðum sem ekki bera vitni um breytt mat löggjafans á refsinaemi verknaðar skuli dæma eftir lögum þeim sem í gildi voru, þegar brot var framið. Í greinargerð sem fylgdi með frumvarpi er varð að almennum hegningarlögum segir um 2. gr. að þegar svo stendur á að ástæða þess að refsifyrirmæli laga hafa fallið niður varðar ekki mat eða álit löggjafans á refsinaemi verknaðar skuli refsa eftir þeim lögum sem í gildi voru þegar verknaður var framinn.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 79/1997 er tilgangur laganna að stuðla að viðgangi og hagkvæmri nýtingu nytjastofna innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Samkvæmt 9. gr. laganna skal ráðherra gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að sporna við því að stundaðar séu veiðar sem skaðlegar geta talist með tilliti til hagkvæmrar nýtingar nytjastofna og varðveislu viðkvæmra hafsvæða. Að jafnaði skal leita umsagnar Hafrannsóknastofnunar áður en ákvarðanir eru teknar samkvæmt ákvæðinu. Þá segir í greinargerð með 9. gr. að eins og: ... *ákvæði 9. gr. er sett fram í frumvarpinu er í raun gert ráð fyrir að ráðherra geti sett friðunarsvæði samkvæmt umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, þegar nauðsynlegt er talið, til að sporna við því að stundaðar séu veiðar sem skaðlegar geta talist með tilliti til hagkvæmrar nýtingar nytjastofna. Geti friðunarsvæðin bæði verið með því móti að á þeim séu bannaðar allar veiðar eða veiðar með tilteknum veiðarfærum, eftir því sem þörf er talin á hverju sinni. Jafnframt er gert ráð fyrir að friðun slíkra svæða sé ekki úr gildi felld nema fyrir liggi umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar.*

Frá því að ætlað brot var framið hafa ekki verið gerðar breytingar á refsiakvæðum laga nr. 79/1997 sem reglugerð nr. 749/2006 sótti lagastoð sína í. Við mat á refsinaemi háttsemi ákærðu ræður úrslitum ákvæði reglugerðarinnar sem bannaði veiðar á svæðinu án smáfiskaskilju eða 155 mm poka í botnvörpu. Eftir að reglugerðin var felld úr gildi með reglugerð nr. 1034/2015 gilda ekki takmarkanir á veiðum með botnvörpu á svæðinu. Við mat á því hvort um breytt mat löggjafans sé

að ræða, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga, verður að líta til efnis reglugerðar nr. 749/2006. Breytt mat getur jafnt varðað ástand stofns og veiðarfæri. Reglugerð nr. 749/2006 var í gildi í um níu ár en á henni voru þó gerðar breytingar eins og hér að framan er rakið. Þróunin var í þá átt að minnka takmarkanir á veiðum með botnvörpu og leiddi að lokum til þess að þær voru felldar á brott. Eins og fram er komið byggðust ákvæði reglugerðarinnar, sem háttsemi ákærðu er heimfærð undir í ákæru, á faglegu mati Hafrannsóknastofnunar á ástandi þorskstofns á svæðinu og var hún einnig felld úr gildi á grundvelli slíks mats. Verður að telja að reglugerðin hafi verið felld úr gildi vegna breytts mats stjórnvalds, sem lögum samkvæmt hefur heimild til að setja reglur um þetta efni í því skyni að ná fram markmiði laga nr. 79/1997, sbr. 1. gr. laganna. Eftir þessu verður að telja að mat löggjafans á refsinemi þess verknaðar sem ákært er fyrir hafi breyst. Með vísan til framangreinds ber samkvæmt 1. mgr. 2. gr. almennra hegningarlaga að dæma málið eftir þeim reglum sem nú gilda um þetta efni. Eru ákærðu því sýknaðir af öllum kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Eftir úrslitum málsins, og með vísan til 2. mgr. 218. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, greiðist allur sakarkostnaður málsins, 932.932 krónur, úr ríkissjóði. Til sakarkostnaðar teljast málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Finns Magnússonar hdl., sem þykja hæfilega ákveðin 800.000 krónur, að teknu tilliti til virðisaukaskatts, útlagður kostnaður skipaðs verjanda, 62.932 krónur, og kostnaður vegna matsgerða dómkvaddra matsmanna, samtals 70.000 krónur.

Af hálfu ákæruvalds flutti mál þetta Bryndís Ósk Jónsdóttir, fulltrúi lögreglustjóra.

Dóm þennan kveður upp Sigríður Elsa Kjartansdóttir dómstjóri.

D Ó M S O R Ð:

Ákærðu, A og B, eru sýknaðir af öllum kröfum ákæruvalds.

Allur sakarkostnaður málsins, 932.932 krónur, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Finns Magnússonar hdl., 800.000 krónur, útlagður kostnaður skipaðs verjanda, 62.932 krónur, og kostnaður vegna matsgerða, samtals 70.000 krónur.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir